

maklegrar hvíldar eftir nytsamt ætistarf. En heimilið og ættstöðvarnar urðu fyrir sárari og óvæntum missir brátt á eftir, því elsti sonur hans Sigfús var þremur vikum síðar lagður við hlið hans í gröfina, á bezta aldri, um fertugt. Sigfús var einn hinn allra merkasti af yngri bændum hjeradsins, búmaður góður, sem faðir hans, hreinn í huga og trygglyndur, og mjög vel að sjer, þótt ekki hefði hann á skóla gengið. Sveitarstjórn fór honum svo vel úr hendi, að sveitin hans (Hjaltastaðapínghá) mun þess lengi menjar bera. Í stjórnámálum var hann einn hinn hyggnaasti bóndi þar um slóðir, og eflaust eitt hið vænlegasta þingmannsefni er þar var kostur á, hefði hann ei skort traust á sjálfum sjer. Kona Sigfúsar var Jóhanna Þorsteinsdóttir frá Höfn í Borgarfirði, var hún honum samtaka í því að halda uppi því frægðarorði er heimilið hafði hlotið.

Við fráfall Sigfúsar er höggvið tilfínnanlegt skarð í hóp hinna yngri atgjörvis manna Fljótsdalshéraðs. Hann var með þeim fremstu þeirra að atgjörvi og drengskap.

Börn Halldórs, og systkini Sigfúsar eru þessi lifandi :

Runólfur, kaupmaður og úrsmiður í Selkirk; Stefán, búfræðingur í Winnipeg; Jón hreppstjóri í Hjaltastaðapínghá í Þórsnesi; Guðmundur búfræðingur, fylgdist allt af með föður sínum og Sigfúsi bróður sínum,

Margrét, gípt Stefáni Stefánssyni, prests frá Kol-freyjustað, hreppstjóra í Fáskrúðsfirði; Herborg, gípt Sigfúsi bónda Gíslasyni á Hofströnd í Borgarfirði.

